

Samstarf leik- og grunnskóla

Um mat og upplýsingamiðlun milli skólastiganna

Starfshópurinn: Hildur Skarphéðinsdóttir, formaður
Hrönn Pálmadóttir, ritstjóri skýrslunnar
Anna Bára Pétursdóttir
Guðrún Edda Bentsdóttir

Október 2005

Formáli

Í þessari skýrslu er sagt frá niðurstöðum starfshóps sem skipaður var af leikskólaráði Reykjavíkur árið 2004 og hafði það verkefni að vinna að tillögum að samræmdum matsaðferðum á þroska og menntun barna í leik- og grunnskóla og útbúa vinnureglur varðandi samstarf leik- og grunnskóla.

Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá Leikskólum Reykjavíkur, Félagi leikskólakennara, Kennaraháskóla Íslands og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Efnisyfirlit

FORMÁLI.....	1
1. INNGANGUR.....	3
VINNA STARFSHÓPSINS	3
2. MATSAÐFERÐIR	5
SAMANTEKT	6
3. UPPLÝSINGAMÍÐLUN	7
SAMSTARFSÁETLANIR OG UPPLÝSINGAFORM.....	7
HUGMYNDIR AÐ SAMSTARFSÁETLUN	9
SAMANTEKT	10
4. NIÐURSTÖÐUR.....	11
SAMANTEKT	11
TILLÖGUR.....	11
HEIMILDASKRÁ.....	13

1. Inngangur

Í niðurstöðum greinargerðar starfshóps skipuðum fulltrúum frá leikskólaráði og fræðsluráði Reykjavíkur um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla í borginni komu fram tillögur um að skipa nýjan starfshóp til að vinna tillögur að samræmdum matsaðferðum við upphaf grunnskólagöngu, þar sem barnið, foreldri/ar og leikskólakennarar koma að matinu með einhverjum hætti. Einnig hefði starfshópurinn það hlutverk að útbúa grunn að vinnureglum varðandi samstarf leik- og grunnskóla (Leikskólar Reykjavíkur, 2004).

Lagt var til að leikskólaráð Reykjavíkur skipaði í starfshópinn aðila frá Kennaraháskóla Íslands, Félagi grunnskólakennara, Leikskólum Reykjavíkur og fulltrúum frá leik- og grunnskólum.

Eftirtaldir fulltrúar voru tilnefndir í starfshópinn:

Hildur Skarphéðinsdóttir, Leikskólum Reykjavíkur, formaður starfshópsins.

Anna Bára Pétursdóttir, Félagi leikskólakennara.

Hrönn Pálmadóttir, Kennaraháskóla Íslands.

Birna Sigurjónsdóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sat einn fund en Guðrún Edda Bentsdóttir tók við af henni.

Ekki tókst að fá fulltrúa frá Félagi grunnskólakennara þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir vinnu starfshópsins og fjallað um þau gögn sem lögð voru til grundvallar í umræðum, niðurstöðum og tillögum hópsins. Fyrst verður gerð grein fyrir matsaðferðum og leiðum sem nokkur reynsla hefur fengist af á umliðnum árum við leikskólalok og upphaf grunnskólagöngu. Því næst verður rætt um miðlun upplýsinga milli skólastiganna. Nefnd verða upplýsingaform, gát- athugunarlistar og próf sem þekkt eru og nýtt eru á þessum tímamótum. Að lokum eru birtar niðurstöður og tillögur hópsins.

Vinna starfshópsins

Starfshópurinn hóf störf í október árið 2004 og lauk vinnu sinni í byrjun júní árið 2005. Alls voru haldnir átta fundir.

Í upphafi vinnunnar velti hópurinn því fyrir sér hvaðan hann gæti fengið upplýsingar og þannig kortlagt hvaða matsaðferðir eru notaðar í leikskólum í dag og hvaða reynsla er til staðar varðandi mat á námi 5 ára barna í leikskólum. Í því sambandi var m.a. rætt um að fá rýnihóp til að fjalla um efnið en frá því var fallið vegna þess hve tímafrekt það er að vinna úr slíkum gögnum. Einnig ræddi hópurinn nokkuð að matið og skráningin yrðu að vera

aðgengileg í framkvæmd fyrir leikskólakennara og að upplýsingarnar nýttust barninu, foreldrum þess og grunnskólakennurum sem taka við barninu.

Hópurinn aflaði sér matsgagna sem vitað er að notuð hafa verið í leikskólum og kynnti sér auk þess aðalnámskrá leikskóla (1999) og aðalnámskrá grunnskóla- almennan hluta (1999). Einnig voru skýrslur sem gefnar hafa verið út nýlega um tengsl leikskóla og grunnskóla skoðaðar. Þar má nefna skýrslu starfshóps um það starf sem unnið er með elstu börnum í leikskólum borgarinnar og ber yfirskriftina *Elstu börnin í leikskólanum: tengsl leikskóla og grunnskóla* (Leikskólar Reykjavíkur, 2001), skýrslu um *Sameiginlega sýn tveggja skólastiga: Þróunarstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi í Reykjavík* (Rannveig A. Jóhannsdóttir, 2002), rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur á kennsluaðferðum og hugmyndafræði leikskólakennara og kennara í fyrsta bekk grunnskólans (Jóhanna Einarsdóttir, 2003). Rýnt var í greinargerð starfshóps um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla (2004) ásamt niðurstöðum rannsóknar á viðhorfum leik- og grunnskólakennara til aðferða til að tengja skólastigin (Jóhanna Einarsdóttir, 2004). Jafnframt kynnti hópurinn sér áfangaskýrslu frá leikskólanum Hofi þar sem fjallað er um þróunarverkefni þar sem „mosaik aðferð“ er beitt og börnin virkjuð til þátttöku í matsferli (Clark, A. 2001; Jóhanna Einarsdóttir, 2005).

Nokkrir verkferlar eða samstarfsáætlanir um samstarf leik- og grunnskóla voru skoðaðir sérstaklega til að kanna hvernig samstarfi leik- og grunnskóla getur verið háttað. Þar má nefna samstarfsáætlanir frá leik- og grunnskólum í Seljahverfi og í Hamrahverfi.

Guðni Olgeirsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, kom á fund hópsins og sagði frá því sem helst væri í deiglu varðandi tengsl leik- og grunnskóla og samræmds mats á börnum á mótum skólastiganna hjá ráðuneytinu. Í máli Guðna kom fram að verið væri að vinna að reglum um meðferð trúnaðargagna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið er að kynna skýrslu um breytta námsskipan til stúdentsprófs en þar er talað um aukna samfellu í námi barna allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að stofna starfshóp á vegum ráðuneytisins til að fjalla um samfellu í námi í leik- og grunnskólum út frá aðalnámskrám beggja skólastiga. Guðni greindi einnig frá ráðstefnu sem ráðuneytið hyggðist standa fyrir 1. apríl árið 2005 í KHÍ þar sem fjallað yrði um samfellu í námi í leik- og grunnskólum og bæri yfirskriftina: *Fljótandi skil leik- og grunnskóla*.

2. Matsaðferðir

Starfshópurinn var frá upphafi sammála um að ekki væri æskilegt að leggja til að notaðar yrðu samræmdar matsaðferðir í öllum leikskólum Reykjavíkur heldur væri frekar stuðlað að því að leik- og grunnskólar ynnu saman að því að móta mats- og skráningaraðferðir sem hentuðu viðkomandi skólum. Lagt er til að matið feli í sér aðferðir eða ferli þar sem byggt er á heildarsýn á barnið. Uppýsingarnar sem safnað er nái til helstu þroskaþátta barnsins sem og námssviða leikskólans eins og þeim er lýst í aðalnámskrá leikskóla (1999). Jafnframt væri tekið mið af þeim áherslum sem hver leikskóli setur sér í sinni skólanámskrá og eða í einstaklingsnámskrá barnsins. Þetta er í samræmi við niðurstöður sem fram koma í skýrslu starfshóps sem fjallaði um starfið með elstu börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar. Þar er bent á að mat við leikskólalok eigi að fela í sér mat á þroska, einstaklingsbundnum tilhneigingum barna til náms, færni, samskiptum og framkomu. Auk þess ætti matið að endurspegla það sem lögð hefur verið áhersla á í námskrá hvers leikskóla (Leikskólar Reykjavíkur, 2001).

Skoðuð var matsaðferð Margret Carr sem hópnum fannst mjög áhugaverð. Námssögur (learning stories) barna eru notaðar sem rammi fyrir mat á námi í leikskóla. Námssögur lýsa mikilvægum tilhneigingum barna til náms: Hvernig börn sýna viðfangsefnum áhuga; takast á við erfiðleika eða óöryggi og hvernig þau eiga samskipti við aðra og ráða við ábyrgð (Carr, M. 2002; Peters, S. 2003).

Um árábil hafa einstaklingsnámskrár verið gerðar í leikskólum vegna barna með sérþarfir og algengt er að upplýsingar séu fluttar á milli skólastiganna með markvissum hætti þegar barnið hefur grunnskólagöngu. Í skýrslu Jóhönnu Einarsdóttur *Tværfær stefnur - tvönn konar hefðir í kennslu yngri barna* kemur fram að leikskólakennarar telji að þau börn sem standa höllum fæti félagslega hafi helst hag af því að greinargóðar upplýsingar berist milli leik- og grunnskóla og þær leiði til þess að skapa samfellu í skólagöngu barnanna (Jóhanna Einarsdóttir, 2003). Á síðustu árum hefur aukin umræða átt sér stað um gerð einstaklingsnámskrár fyrir öll börn. Starfshópurinn ræddi um möguleika þess að þættir sem lagðir eru til grundvallar í einstaklingsnámskrá væru uppistaða í umsögn sem flyttist með barninu að fengnu leyfi foreldra.

Skoðuð voru gögn frá Helsinki um gerð einstaklingsnámskráa en þar er m.a. að finna form þar sem bæði barnið, foreldrar og leikskólakennarinn koma að matinu (City of Helsinki, án ártals). Hópurinn hreifst einnig af sýnishorni frá Skotlandi þar sem notaðar eru bæði ljósmyndir af barninu og skriflegar upplýsingar um eftirfarandi svið: Ummæli eða athugasemd barnsins (ásamt mynd af barninu), tilfinningalegur, persónulegur og félagslegur þroski (ásamt

mynd af barninu í leik), samskipti og mál, þekking og skilningur á umhverfinu (mynd af barninu að rannsaka náttúruna), líkamlegur þroski og hreyfing, tjáning og sköpun. Að auki eru skrifleg ummæli frá kennara og foreldrum (Scottish Consultative Council on the Curriculum, 1998).

Hópnum fannst auk þess áhugavert að virkja börnin sjálf í því mati sem fram fer við lok leikskólagöngunnar. Rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur á viðhorfum 5 ára barna í leikskólum sýnir að þau hafa mjög ákveðnar skoðanir á þátttöku sinni í starfi í leikskólanum og eru full fær um að miðla þeim skoðunum til annarra (Jóhanna Einarsdóttir, 2003a). Með því að velja sjálf ljósmyndir eða eigin teikningar eins og gert er til að mynda við gerð ferilmappa eru börnin virkjuð til þátttöku í matsferlinu. Þegar þau velja sjálf ljósmyndir eða eigin teikningar eru þau að meta og velja það sem þeim finnst mikilvægt og skiptir þau máli (Jóhanna Einarsdóttir, 2005).

Leikskólinn Sólborg hefur nýlega hafið þróunarverkefni sem felur í sér að þróa ferilmöppur (portfolio) sem lið í að safna saman upplýsingum um veru barnsins í leikskólanum. Upplýsingarnar sem safnað er eru m.a. byggðar á atferlisathugunum á barninu í leik og starfi, gögnum, s.s. teikningum, sem reglubundið er safnað saman og mati á hvernig barninu hefur gengið að ná þeim markmiðum sem unnið hefur verið að. Möppunni er ætlað að flytja með barninu þegar það flyst á milli deilda. Á þessum gögnum verður einnig byggt þegar upplýsingum er miðlað til foreldra og grunnskólans að lokinni leikskólagöngunni (Leikskólinn Sólborg, 2002).

Samantekt

Starfshópurinn leggur til að það fylgi hverju barni úr leikskóla í grunnskóla umsögn t.d. í máli og myndum um þátttöku þess í starfi leikskólans sem unnið hefur verið út frá námskrá barnsins og skólans (t.d. *Promoting learning: Assessing children's progress 3 to 5*, 2004). Ennfremur að hver leikskóli og grunnskóli útfæri í sameiningu hvernig þessum upplýsingum er miðlað. Lögð er áhersla á að gögn og upplýsingar sem fluttar eru milli skólastiga gagnist barninu, foreldrum og kennurum þess.

3. Upplýsingamiðlun

Samstarf milli skólastiganna er af flestum þeim sem hlut eiga að máli talið af hinu góða. Í niðurstöðum spurningakönnunar sem lögð var fyrir alla kennara sem kenna í fyrsta bekk í Reykjavík og alla leikskólakennara sem vinna með elstu börnin í reykvískum leikskólum kom fram að yfirleitt er um eitthvert samstarf að ræða milli skólastiganna. Þegar kennarar voru inntir eftir viðhorfum sínum til þess að skriflegar skýrslur um fyrri reynslu og stöðu barnsins fylgi því í grunnskólann töldu ríflega 92% grunnskólakennara það vera góða hugmynd og tæplega 75% leikskólakennara. Um 14% grunnskólakennara töldu sig fá slíkar skýrslur í hendurnar þegar börn hæfu grunnskólagöngu (Jóhanna Einarsdóttir, 2004).

Hópurinn var sammála um mikilvægi þess að foreldrar séu hafðir með í ráðum þegar upplýsingar eru fluttar á milli leik- og grunnskóla. Í aðalnámskrám beggja skólastiga er bent á mikilvægi þess að sem minnst komi börnum og foreldrum þeirra á óvart á þessum tímamótum til að skapa meiri samfellu og auka líkur á farsælu upphafi grunnskólagöngunnar (Aðalnámskrá leikskóla 1999; Aðalnámskrá grunnskóla- almennur hluti, 1999). Í niðurstöðum viðhorfakönnunar (2005) sem gerð var meðal foreldra barna í leikskólum borgarinnar kom fram að 90% foreldra töldu æskilegt að fram færu athuganir og skráning á námi og þroska barna þeirra í leikskólum og um 78% foreldra töldu æskilegt að upplýsingar um nám og þroska barna færu frá leikskóla til grunnskóla (Leikskólar Reykjavíkur, 2005). Líta ber á flutning upplýsinga milli skólastiga sem samstarfsverkefni foreldra og kennara leik- og grunnskóla, þar sem barnið og þroski þess og menntun eru í brennidepli.

Samstarfsáætlanir og upplýsingaform

Starfshópurinn kynnti sér samstarfsáætlanir um samstarf leik- og grunnskóla til að sjá hvernig samstarfi leik- og grunnskóla getur verið háttáð. Einnig voru skoðaðir mats- og athugunarlistar sem þekktir eru og vitað er að notaðir eru víða í leikskólum landsins í þeim tilgangi að flytja upplýsingar til grunnskóla þegar leikskólabarn hefur grunnskólagöngu sína.

Skoðaðar voru samstarfsáætlanir frá leik- og grunnskólum í Seljahverfi og í Hamrahverfi. Í Seljahverfi fara foreldrar og leikskólakennarar fimm ára barna saman að vori yfir matshefti sem þar er notað við að miðla upplýsingum á milli leik- og grunnskóla. Foreldrar gefa síðan skriflegt leyfi fyrir því að heftið fari úr leikskólanum í grunnskólann (Rannveig A. Jóhannsdóttir, 2002).

Gátlistar eða atriðalistar þar sem færni - eða þroskaþættir barnsins eru taldir upp og merkt við hvar barnið er stött í viðkomandi þætti eru víða notaðir í þeim tilgangi að miðla

upplýsingum milli skólastiganna og foreldrar skrifa undir til samþykkis. Skoðaður var listi sem notaður er í Garðabæ sem ber yfirskriftina *Frá leikskóla til grunnskóla* (Bæjarskrifstofur Garðabæjar, 1999) og einnig matsheftið *Gengið yfir brúna* sem var afrakstur þróunarstarfs sem unnið var í leikskólum og grunnskólum í Seljahverfi (Rannveig A. Jóhannsdóttir, 2002).

Íslenski þroskalistinn - Listinn er íslenskt matskerfi til að meta vitsmuna- og hreyfiproska þriggja til sex ára barna (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson 2003).

HLJÓM 2- er tæki til að athuga hljóðkerfisvitund hjá börnum áður en þau hefja grunnskólagöngu. HLJÓM-2 er grundvallað á niðurstöðum úr langtímarannsókn á tengslum hljóðkerfis- og málmeðvitundar við lestrarfærni (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir 2003).

Leikur og athöfn er mat þar sem tilgangurinn er að meta forsendur barns til leiks og þátttöku. Kenningar Jean Piaget eru lagðar til grundvallar matinu og skiptist það í fjóra hluta; skynjun/hreyfing, mál og hugtök, félagsleg samskipti og sköpun/færni til að byggja upp og tengja saman (Tafjord, M. 1982).

TRAS eða snemmtæk skráning á málþroska er norskur athugunar og matslisti sem ásamt handbók er notaður til að meta málþroska 2-5 ára barna. Aldursskipting listans er 2-3 ára, 3-4 ára og 4-5 ára. Barnið er skoðað í daglegum aðstæðum í leikskólanum og fyllt er jafnóðum inn í ákveðið form. Mælt er með að prófa tvisvar á hverju aldursbili (Tras- gruppen, 2003).

AAL-Athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna. Listanum er ætlað að greina hegðunarvandamál barna. Listinn var hannaður sem hjálpartæki fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum sem valda þeim áhyggjum vegna erfiðleika þeirra. Sjónum er sérstaklega beint að börnum sem hafa truflandi áhrif á hópinn eru árásargjörn, hávaðasöm og einbeitingarlaus (Inga Einarsdóttir, 1995).

Könnun Gerd Strand er huglægur matslisti á stöðu 4 ára barna í ákveðnum færniþáttum s.s. gróf- og fínhreyfingum, hegðun, máli og tali, virkni, samskiptum og þekkingu. Íslensk útgáfa listans er endurbætt og aðlöguð að fjögurra ára nemendum í leikskóla með leyfi höfundar. Könnuninni er ætlað að gefa kennurum skýrari mynd af stöðu einstakra nemenda og styrkja stöðu þeirra í samvinnu við samkennara eða samstarfsfólk, aðra sérfræðinga og foreldra (Guðjón E. Ólafsson, 2005).

Svona geri ég er einnig hægt að hafa til hliðsjónar þegar skólar ákveða hvers konar mat fer fram við lok leikskóla og upphaf grunnskóla. Efnið samanstendur af greiningarverkefnum sem leggja má fyrir börnin einstaklingslega og kennarahefti. Aftast eru gátlistar þar sem kennari getur skráð mat sitt og niðurstöður (Marsibil Ólafsdóttir og Sunneva Filipusdóttir, 1989).

Stig af stigi, felur í sér félags- og tilfinningalega þjálfun fyrir börn 4-6 ára og í 1. bekk grunnskóla. Verkefnið hefur einnig verið notað sem samstarfsverkefni leik- og grunnskóla. Markmiðin eru m.a. að börnin læri að setja sig í spor annarra og noti félagslegan skilning til að leysa úr vanda sem upp kemur í samskiptum (Þórir Jónsson, 2002).

Hugmyndir að samstarfsáætlun

Mikilvægt er að þeir skólar sem hefja samstarf geri samstarfsáætlun og einhugur ríki um þau verkefni sem liggja fyrir. Umræða um ýmsa þætti sem áhrif hafa á verkefnið þarf jafnframt að fara fram meðal þátttakenda. Má þar nefna m.a. ólíka hugmyndafræði og hefðir sem skólastigin byggja á. Samstarfsáætlunin þarf einnig að fela í sér ákvarðanir um útfærslu verkferla t.d. um val á tengiliðum hvors skólastigs. Verkefni tengiliða er að halda utan um og sjá um samskiptin milli skólastiganna.

Ábyrgðarmaður eða verkefnastjóri kennara ætti að vera valinn á hverju ári. Í hans verkahring er að sjá til þess að ákvarðanir sem teknar hafa verið um ákveðna þætti samstarfsins komist í framkvæmd t.d. hver boðar hvaða fund.

Samstarf milli skólastiganna getur verið með margvíslegum hætti. Það getur m.a. verið fólgið í sameiginlegu námskeiðahaldi og kynningum t.d. með það fyrir augum að byrja á þróunarverkefni. Einnig gæti samræming á skipulags- og námskeiðsdögum, afnot af útbúnaði og húsnæði t.d. leikfimiþús, leikvelli og bókasöfn verið hagur beggja skólastiganna svo og boð á sýningar og uppákomur sem tengjast skólastarfinu. Hægt er að skipuleggja vinabekki, þar sem fyrstu bekkjum grunnskóla er skipt í vinabekki og hver leikskóli fær úthlutað einum bekk sem síðan er heimsóttur. Einnig geta vinanemendur sem eru nemendur í eldri bekkjum grunnskólans stutt eitt barn í fyrsta bekk, leiðbeint og kynnt því skólamenninguna. Einnig má nefna gagnkvæmar vettvangsheimsóknir barna og kennara og upplýsingafundi milli skólastjórnenda og kennara.

Dæmi um verkferil eða samstarfsáætlun leik- og grunnskóla:

Að vori:

Fundur skólastjórnenda og eða kennara. Þar sem eftirfarandi atirði væru í brennidepli:

- Mat á samstarfi yfirstandandi skólaárs.
- Samstarfsáætlun næsta skólaárs.
- Afhending upplýsinga milli skólastiga.
- Sérkennslumál.
- Heimsókn barna úr leikskóla í grunnskóla.
- Vinabekk úthlutað.
- Tilgreina ábyrgðaraðila á hvoru stigi fyrir sig.

Að hausti:

Fundir þar sem samstarfsáætlun er yfirfarin og e.t.v. skipulögð betur.

- Gagnkvæmar heimsóknir kennara og barna skipulagðar.
- Framkvæmd skiptiheimsókna.

Vetur:

- Gagnkvæmar heimsóknir kennara.
- Fyrstu heimsóknir barna í grunnskólann.
- Fundir með skólastjórnendum og kennurum.
- Ákveðið hvaða gögn eiga að fylgja börnum að vori í grunnskólann (stöðugt í endurskoðun).
- Gagnkvæmar heimsóknir barna.

Samantekt

Æskilegt er að leik- og grunnskólar efli og þrói samstarf sitt enn frekar og samstarfsáætlanirnar feli m.a. í sér aðferðir sem gefa til kynna stöðu og fyrri reynslu barna þegar þau hefja grunnskólanám. Með þessu móti má ætla að samfella aukist í námi barna eins og kveðið er á um í aðalnámskrám beggja skólastiganna. Í samstarfi sem þessu er mikilvægt að kveða skýrt á um ferlið og tilgreina ábyrgðaraðila fyrir hvern þátt samstarfsins.

4. Niðurstöður

Samantekt

Hér að framan hefur verið fjallað um vinnu starfshópsins og þau gögn sem hann lagði til grundvallar í umræðu sinni, niðurstöðum og tillögugerð.

Hópnum var falið að vinna tillögur að samræmdum matsaðferðum á þroska og menntun barna í leik- og grunnskóla og útbúa vinnureglur varðandi samstarf leik- og grunnskóla. Starfshópurinn telur mikilvægt að leikskólum og grunnskólum sé gert að vinna saman á þessum tímamótum í lífi barna og foreldra þeirra og að upplýsingar um þroska og menntun barna flytjist á milli skólastiga. Ekki er talið æskilegt að leggja til samræmda skráninga- eða matsaðferð sem yrði notað í öllum leikskólum Reykjavíkur heldur væri frekar stuðlað að því að leik- og grunnskólar ynnu saman að því að móta matsaðferðir og skráningarferli sem hentaði viðkomandi skólum. Starfshópurinn leggur áherslu á að hér er um mikilvægt samstarfsverkefni að ræða sem gefur tækifæri til umræðu m.a. um hugmyndafræði náms og kennslu yngri barna og hvernig skólarnir koma til móts við réttindi og þarfir barna til uppeldis og menntunar.

Tillögur

1. Starfshópurinn telur mikilvægt að hver leikskóli og grunnskóli komi sér saman um aðferð eða leið til að nota við skráningu og miðlun upplýsinga um þau börn sem eru að flytjast úr leikskóla í grunnskóla og að formið fái að þróast í samstarfi þessara skóla. Þannig verði til lífandi vettvangur sem þjónar hagsmunum allra aðila. Þó er mikilvægt að það form sem verður til á hverjum stað taki mið af helstu þroskaþáttum barna og námssviðum leikskólans og þeim þáttum sem lögð hefur verið áhersla á í námskrá hvers leikskóla. Einnig þarf matið að nýtast barninu, foreldrum og væntanlegum grunnskólakennara þess.
2. Auglýst verði eftir leikskólum og grunnskólum í sama hverfi til að taka þátt í þriggja ára þróunarverkefni sem verði fólgið í fræðslu þar sem farið verði í gegnum skráningu, mat og miðlun upplýsinga um fimm ára börnin. Hópurinn fylgi síðan fimm ára börnunum eftir úr leikskólanum og í grunnskólann. Verkefninu sé stýrt af verkefnisstjóra og síðan metið og skoðað hvernig börnunum vegnar og upplýsingarnar nýtast. Ólíkir skólar geti mótað mismunandi aðferðir eða leiðir fyrir skráningu og mat sem síðan má nota sem ábendingar um vel heppnuð form fyrir slíkt.

3. Gerð verði könnun meðal leik- og grunnskólakennara til að fá upplýsingar um hvaða matsaðferðir eru notaðar í leikskólum í dag og hvaða reynsla er til staðar varðandi mat á námi fimm ára barna í leikskólanum. Einnig verði kannað hvers konar upplýsingar berast milli leik- og grunnskóla og hvernig þær upplýsingar nýtast grunnskólakennurum. Þessum spurningum má bæta í þær kannanir sem þegar eru gerðar meðal starfsmanna í leik- og grunnskólum í Reykjavík.

4. Gerð verði könnun meðal foreldra fjögurra og fimm ára barna í leikskólum til að kanna hvaða upplýsingar foreldrar vilja að fari um börnin á milli leik- og grunnskólans. Einnig mætti kanna hugmyndir foreldra um leikskólanámið og hvort foreldrar vilja almennt að börnin byrji fyrr í grunnskólanum. Þessum spurningum mætti bæta við þær viðhorfskannanir sem gerðar eru í leikskólum á hverju ári.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2003). Þróun HLJÓM-2 og tengsl þess við lestrarfærni og ýmsa félagslega þætti. *Uppeldi og menntun*; 12 (2). Bls.19-30.
- Anna Krisín Arnarsdóttir, Rannveig Oddsdóttir, Svava Þ. Hjaltalín, Kristín Sigurðardóttir og Katrín Benjamínsdóttir (2005). *Trítlað yfir brúna... Samstarf leik- og grunnskóla. Flutningur elstu barna í leikskóla yfir í grunnskóla árið 2003-2004. Akureyri: Kiðagil og Giljaskóli.*
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood setting: Learning stories*. London: P. Chapman Pub.
- Child's individual education plan* (án ártals). City of Helsinki (ljósrít).
- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to Young Children. The Mosaic approach*. London: Notional Children's Bureau.
- Frá leikskóla til grunnskóla* (1999). Garðabær: Bæjarskrifstofur Garðabæjar (ljósrít)
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson (2004). Túlkun prófþátta og undirprófa Íslenska þroskalistans : Möguleikar á þversniðsgreiningu. *Sálfræðiritið*; 9: Bls. 25-29.
- Guðjón E. Ólafsson (2005). *Könnun Gerd Strand – kynning*. Dreift á vorþingi Grunns sem haldið var á Akureyri 19. og 20. maí 2005 (ljósrít).
- Inga Einarsdóttir (1995). AAL- Athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna. *Glæður*; 5 (1) Bls. 57-59.
- Jóhanna Einarsdóttir (2003a). Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn: viðhorf leikskólabarna til leik- og grunnskóla. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. Tekið af vefnum 8. júní 2005, frá <http://netla.khi.is>
- Jóhanna Einarsdóttir (2003b). *Tvær stefnur - tvenns konar hefðir í kennslu yngri barna*. Reykjavík: Óbirt skýrsla.
- Jóhanna Einarsdóttir (2004). Frá leikskóla til grunnskóla. *Tímarit um Menntarannsóknir*; 1: Bls. 209-227.
- Jóhanna Einarsdóttir (2005). Áfangaskýrsla um þróunarverkefni á Hofi. Óbirt skýrsla.
- Leikskólar Reykjavíkur (2001). *Elstu börnin í leikskólanum: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.

- Leikskólar Reykjavíkur (2004). *Greinargerð starfshóps um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.
- Leikskólar Reykjavíkur (2005). *Viðhorfakönnun meðal foreldra barna í leikskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.
- Leikskólinn Sólborg (2002). *Námskrá Sólborgar*. Tekið af vefnum 20. júní 2005, frá <http://mentor.is/Fylgiskjol/Namskra/4111957679.doc>
- Marsibil Ólafsdóttir og Sunneva Filipusdóttir (1989). *Svona geri ég*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Peters, S. (2003, September). *Exploring a learning story framework as one tool for fostering positive transitions to school*. Fyrirlestur fluttur á 13. árlegu ráðstefnu European Early Childhood Education Research Association (EECERA), University of Strathclyde, Glasgow, Skotland.
- Promoting learning: Assessing children's progress 3 to 5* (2004). Scottish Consultative Council on the Curriculum.
- Rannveig A. Jóhannsdóttir (2002). *Sameiginleg sýn tveggja skólastiga: þróunarstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi í Reykjavík*.
- Stig af stigi* (2002). *Handbók: Félagsleg og tilfinngaleg þjálfun fyrir börn í leikskóla og 1. bekk grunnskóla*. Þórir Jónsson þýddi. Akureyri: Reynir- ráðgjafarstofa.
- Tafjord, M. (1982). *Lek og aktivitet. (Leikur og athöfn)*. Bærum: Institutt for Spesialpedagogikk.
- Tras-gruppen (2003). *Tras*. Oslo: Aase Grafiske as.